



MEÐAL EFNIS:

Bjarni Már Magnússon	Hlutverk landgrunnsnefndar Sameinuðu þjóðanna	449
Einar Karl Hallvarðsson	Hvernig er þetta með ríkið?	495
Skúli Magnússon	Er þörf á lagasetningu um aðild hins opinbera að dómsmálum?	527
Lára V. Júlisdóttir	Vistarbönd? – Um samkeppnisákvæði í persónubundnum ráðningarsamningum	539
Rökstólar:	Er þörf á stjórnarskrárbreytingu?	551

a, sem leitað var til, töldu ingunni.

I.I., hefur umræðuna og þá mannréttinda og veltir breytingu, ef af yrði, sem náttúruauðlinda.

nfræðilegu sjónarhorni í innar íslensku, sem og sína, þingræðið, hlutverk ír þeirri umræðu, sem nú gar.

arðar VI. kafla stjórnarm til greina koma, verði m.a. með því að fella þar

í R., beinir augum sínum myndir um eðli stjórnarín leitar leiða til að svara, þegar ráðist er í slíkar

eðli stjórnarskrárinnar í eðunni um fyrirhugaðar um og kemur fram með

tus, almennt um enduratriðunum; þingræðinu, ldisins og dómsvaldsins, hvernig líta megi til hug-

Umhverfisréttur og stjórnarskráin



Aðalheiður Jóhannsdóttir,
dósent við lagadeild H. I.

1. Inngangur

Í kjölfar umræðu um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins er vert að velta því fyrir sér hvort nauðsynlegt er að veita umhverfi og náttúruauðlindum stjórnarskrárvernd samhliða því að stjórnarskrárverja rétt almennings til ákveðinna gæða (ástand og magn) umhverfis og náttúruauðlinda. Í þessu sambandi eru mér efst í huga þrjú atriði:

- (1) að tryggður verður réttur almennings til ákveðinna gæða umhverfis og náttúruauðlinda,
- (2) að tiltekin gæði umhverfis og náttúruauðlinda njóti verndar í stjórnarskrá án skírskotunar til hagsmuna einstaklinga, og loks,
- (3) að tryggt verði í stjórnarskrá að nýting umhverfis og náttúruauðlinda verði í samræmi við þá grunnhugsun sem býr að baki sjálfbærri þróun og þeirra meginreglna sem taldar eru nauðsynlegar til þess að koma sjálfbærri þróun til framkvæmda.

Hér á eftir mun ég velta fyrir mér nokkrum atriðum sem lúta að ofangreindu. Þar að auki mun ég fjalla lítilsháttar um grein 110b í norsku stjórnarskránni en þeirri grein er m.a. ætlað að tryggja að umhverfi og náttúruauðlindir séu nýttar í samræmi við þá hugmyndafræði sem býr að baki sjálfbærri þróun. Til skýringarauka mun ég fyrst fjalla um nokkur almenn atriði sem varða umhverfisrétt og þróun hans og einnig víkja lítillega að tengslum umhverfisréttar og mannréttinda.

2. Umhverfisréttur

Ekki er langt síðan kerfisbundin umfjöllun hófst um lagareglur sem hafa að markmiði að vernda ytra umhverfi og náttúruauðlindir. Réttarsviðið sem jafnan er nefnt umhverfisréttur, hefur þróast hratt og er nú þegar nokkuð yfirgrípsmikið. Nægir að vísa til þeirrar þróunar sem hefur orðið hér á landi undanfarinn áratug og umfangs íslensks umhverfisréttar.

Nokkur atriði einkenna umhverfisrétt. Ber þar fyrst að nefna ríka alþjóðlega skírskotun. Alþjóðleg stefnumörkun í umhverfismálum og alþjóðlegir samningará þessu sviði setja í auknum mæli mark sitt á þróun landsréttar einstakra ríkja. Alþjóðleg stefnumörkun endurspeglar oft áherslur og úrræði, t.d. ákveðin lagaleg úrræði, sem þegar hafa áunnið sér sess hjá einstökum ríkjum. Eru varúðarreglan og áhersla á þátttöku almennings í ákvarðanatöku sem áhrif hefur á umhverfið, ágæt dæmi þar um. Fyrnrefnda reglan á sér rætur í landsrétti bæði Vestur-Íþýskalands og Svíþjóðar en sú síðari festi sig í sessi í Bandaríkjum í upphafi áttunda áratugarins. Óhætt er að segja að þróunin í Bandaríkjum ásamt þeim áherslum sem voru viðfangsefni umhverfisráðstefnunnar í Stokkhólmi 1972, hafi lagt grunn að auknum áhuga á umhverfismálum, auk þess að stuðla að aukinni vitund almennings um nauðsyn þess að vernda umhverfi og náttúruauðlindir með hagsmuni komandi kynslóða í huga, þótt vissulega hafi fleiri þættir átt hér hlut að máli.

Í öðru lagi byggist umhverfisréttur á reglum sem ætlað er að koma í veg fyrir skerðingu og varanlegt tjón á umhverfi og náttúruauðlindum, í stað þess að reyna að bæta úr eftir að skerðing eða óafturkræfar breytingar hafa orðið. Meginreglan sem býr þarna að baki, er vafalaust sú regla sem íslensk umhverfislöggjöf byggist á, og birtist hún í margs konar úrræðum sem ætlað er að vernda umhverfi og náttúruauðlindir, eins og íslensk umhverfislöggjöf ber vitni um.

Í þriðja lagi teljast einnig til réttarsviðsins aðrar mikilvægar meginreglur. Til dæmis má nefna varúðarreglu, greiðslureglu (mengunarþótareglu) og meginregluna um samþættingu umhverfissjónarmiða við önnur sjónarmið, að ógleymdri meginreglunni um sjálfbæra þróun. Um meginreglurnar má það segja að fyrir utan ákveðna erfiðleika við að afmarka innihald þeirra hafa þær einar og sér lítil lagaleg áhrif fyrr en þær hafa verið útfærðar í lagakerfum einstakra ríkja. Ofangreindar meginreglur eru hins vegar aðall umhverfisréttarins og undirstaða hans og má sjá tilvísanir til þeirra í nær öllum nýlegum alþjóðlegum samningum, sem og í löggjöf einstakra ríkja, þótt útfærslurnar séu með mismunandi móti.

Loks, í fjórða lagi, er rétt að nefna þá áherslu sem lögð hefur verið á að almenningur eigi þess kost að taka þátt í ákvarðanatöku sem áhrif hefur á umhverfið, t.d. með því að tryggja aðgang almennings að upplýsingum um umhverfismál og þátttöku í undirbúningi ákvarðana sem áhrif hafa á umhverfið. Í þessu sambandi má nefna markmiðsgrein samnings um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum sem jafnan er nefndur Árósasamningur. Í greininni

igareglur sem hafa að éttarsviðið sem jafnan gar nokkuð yfirgríps-ir á landi undanfarinn

nefna ríka alþjóðlega og alþjóðlegir samn- landsréttar einstakra g úrræði, t.d. ákveðin um ríkjum. Eru varúð- iku sem áhrif hefur á ætur í landsrétti bæði ssi í Bandaríkjunum í minn í Bandaríkjunum áðstefnunnar í Stokk- ismálum, auk þess að þ vernda umhverfi og þa, þótt vissulega hafi

er að koma í veg fyrir ndum, í stað þess að reytingar hafa orðið. em íslensk umhverfis- em ætlað er að vernda ðggjöf ber vitni um. ægar meginreglur. Til bótareglu) og megin- ðnnur sjónarmið, að ginreglurnar má það ihald þeirra hafa þær rðar í lagakerfum ein- all umhverfisréttarinsllum nýlegum alþjóð- útfærslurnar séu með

lögð hefur verið á að ku sem áhrif hefur á að upplýsingum um em áhrif hafa á um- mings um aðgang að gang að réttlátri máls- samningur. Í greininni

kemur fram að aðgangur almennings að upplýsingum um umhverfismál, þáttaka almennings í ákvarðanatöku sem áhrif hefur á umhverfið, og aðgangur að réttlátri málsmeðferð eru taldar forsendur þess að hver einstaklingur af núverandi og komandi kynslóðum geti lifað í umhverfi sem tryggir heilsu og velferð hans. Efnisreglur Árósasamningsins eru þó ekki þess eðlis að þær tiltaki hver gæði umhverfisins eiga að vera, enda eru reglur samningsins fyrst og fremst málsmeðferðarreglur. Með þessari aðferð, þ.e. ef reglur samningsins eru færðar í landslög, er ábyrgð á ákvörðunum sem áhrif hafa á umhverfið, á vissan hátt varpað yfir á almenning því að að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, hefur almenningur rétt til þess að koma að athugasemdum á meðan tilteknar ákvarðanir eru í undirbúningi hjá stjórnvöldum. Oftast eru þó fátækleg úrræði til þess að koma í veg fyrir að ákvarðanirnar séu teknar nema þær beinlínis brjóti í bága við lög. Við þetta er því að bæta að Árósasamningurinn sem slíkur setur manninn og þarfir hans í brenniddepil og gerir þær að vissu leyti að forsendu umhverfisverndar en mannlegar þarfir þurfa ekki nauðsynlega að fara saman við þær aðstæður sem eru nauðsynleg forsenda umhverfis- og náttúruverndar til langs tíma litið.

En hvernig tengist ofangreint nauðsyn þess að setja í stjórnarskrá ákvæði sem tryggir rétt almennings til ákveðinna gæða umhverfis og náttúruauðlinda, og að tiltekin gæði umhverfis og náttúruauðlinda njóti stjórnarskrárverndar án sérstakrar skírskotunar til hagsmuna einstaklinga, og loks að nýting náttúruauðlinda verði í samræmi við meginregluna um sjálfbæra þróun?

3. Grein 110b í norsku stjórnarskránni

Löng hefð er fyrir því að líta til nágrannaríkjanna þegar undirbúnar eru breytingar á íslenskri löggjöf. Í ljósi þessa mun ég nú fylla lítillega um grein 110b í norsku stjórnarskránni. Akvæðið sem er frá árinu 1992, endurspeglar pólitiska málamiðlun eins og tit er við lagasetningu. Grein 110b hljóðar svo á norsku:

Enhver har Ret til et Milieu som sikrer Sundhed og til en Natur hvis Produktions-ævne og Mangfold bevares. Naturens Ressourcer skulle disponeres ud fra en langsiglig og alsidig Betragtning, der ivaretager denne Ret ogsaa for Efterslægten.

For at ivaretage deres Ret i Henhold til foregaaende Led, ere Borgerene berettigede til Kundskab om Naturmilieuels Tilstand og om Virkningerne af planlagte og iværksatte Indgreb i Naturen.

Statens Myndigheder giver nærmere Bestemmelser til at gennemføre disse Grundsætninger.

Í ákvæðinu segir m.a. að allir eigi rétt til umhverfis sem tryggi þeim heilbrigði, og að allir eigi rétt á náttúru þar sem fjölbreytni er viðhaldið. Í öðru lagi að náttúruauðlindir skuli nýttar með langtímahagsmuni að leiðarljósi og m.t.t. hagsmuna komandi kynslóða og réttinda þeirra (tilvisun til sjálfbærrar þróunar). Í þriðja lagi skal almenningur eiga rétt á upplýsingum um ástand um-

hverfis og náttúru og rétt til upplýsinga um áhrif áætlaðra framkvæmda. Loks er vísað til hlutverks yfirvalda að setja nánari reglur til þess að ná settum markmiðum.

Samkvæmt norskum rétti er sjálfstætt, lagalegt gildi ákvæðisins ekki talið mikið, og í öllum aðalatriðum ræðst inntak þess af ákvæðum almennra laga og reglna sem settar eru til þess að ná markmiðunum sem í því felast. Til dæmis telja norskir fræðimenn að einungis í undantekningartilvikum sé mögulegt að byggja beint á ákvæðinu og hafa verið nefnd tvö tilvik þar sem þetta gæti átti sér stað:

- (1) ef ekki er í gildi almenn löggjöf sem varðar viðkomandi þátt umhverfis- og náttúruverndar, og
- (2) ef stjórnvöld beita ekki settum reglum í meðferð tiltekinna mála sem áhrif hafa á umhverfið.

Annað mikilvægt atriði er vert að nefna en það varðar samþættingu sjónarmiða umhverfis- og náttúruverndar við önnur rík sjónarmið sem ákværðanataka sem áhrif hefur á umhverfið, byggist á. Í norskum rétti hefur tilvist greinar 110b orðið til þess að meiri kröfur eru gerðar til undirbúnings og rökstuðnings ákværðana sem hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfið, og hefur dómaframkvæmd þar í landi að nokkru leyti staðfest þessi sjónarmið og nauðsyn á samþættingu ofangreindra sjónarmiða.

4. Tengsl umhverfisréttar og mannréttinda

Rétt er að velta fyrir sér hvort réttur almennings til ákveðinna gæða umhverfis og náttúruauðlinda telst til viðurkenndra mannréttinda. Vandfundin eru ákvæði í mannréttindasamningum sem gefa tilefni til þess að draga þá ályktun að slík réttindi hafi öðlast almenna viðurkenningu þótt benda megi á tvo samninga sem gefa slíkan rétt til kynna. Þetta eru Mannréttindaskrá Afríku frá 1981 (The African Charter on Human and Peoples' Rights) og San Salvador-bókunin við Mannréttindasamning Ameríku frá 1988 (Additional Protocol to the American Convention on Human Rights in the Area of Economic, Social and Cultural Rights, „Protocol of San Salvador“).

Hvað varðar íslenskan rétt, er eðlilegt að skoða sérstaklega framkvæmd og túlkun Mannréttindasamnings Evrópu (MSE) sem lagagildi hefur hér á landi í samræmi við lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu, svo og niðurstöður Mannréttindadómstólsins (MDE) þótt eigi séu þær bindandi að íslenskum rétti. Dómaframkvæmd MDE gefur ekki til kynna að það beri að skýra ákvæði MSE á þann hátt að viðurkenndur sé skilyrðislaus réttur almennings til ákveðinna gæða umhverfisins sem telja má til mannréttinda, þótt MDE hafi vissulega gefið umhverfismálum ákveðið vægi þegar 8. gr. MSE og 1. gr. 1. samningsviðauka við MSE hafa verið skýrðar og í húfi hafa verið einstaklingsbundnir hagsmunir sem MSE veitir vernd. Nálgunin í þeim dóum MDE sem

framkvæmda. Loks er ss að ná settum mark-

ákvæðisins ekki talið óum almennra laga og í því felast. Til dæmis vikum sé mögulegt að sem þetta gæti átti sér

mandi þátt umhverfis- ð tiltekinna mála sem

r samþættingu sjónar- uð sem ákvarðanataka fur tilvist greinar 110b ings og rökstuðnings verfið, og hefur dóma- ñarmið og nauðsyn á

til ákveðinna gæða réttinda. Vandfundin til þess að draga þá gu þótt benda megi á nnréttindaskrá Afríku þhts) og San Salvador- Additional Protocol to Economic, Social and

klega framkvæmd og ldi hefur hér á landi í Evrópu, svo og niður- u þær bindandi að cynna að það beri að ðislaus réttur almenn- nnréttinda, þótt MDE r 8. gr. MSE og 1. gr. afa verið einstaklings- im dóum MDE sem

liggja fyrir, benda þó frekar til þess að sambærilegum árangri hefði oftast verið mögulegt að ná með því að styðjast við meginreglur grenndarréttar. Þó verður ekki litið fram hjá þeirri staðreynd að ákveðinn árangur næst í umhverfismálum þegar einstaklingsbundnir hagsmunir fara saman með umhverfishagsmununum sem eru í húfi hverju sinni. Fyrilliggjandi niðurstöður MDE benda þó ekki til þess að viðurkenndur hafi verið réttur almennings til tiltekinna gæða umhverfis og náttúruauðlinda eða að slíkur réttur teljist til mannréttinda sem varin eru af MSE.

5. Hver yrði ávinningurinn?

Hver yrði ávinningurinn af því að setja sérstakt ákvæði í íslensku stjórnarskrána sem tryggði almenningu rétt til ákveðinna gæða umhverfis og náttúruauðlinda og gerði ákveðnar kröfur til stjórnvalda þegar ákvarðanir sem áhrif hafa á umhverfið, eru undirbúnar? Árangurinn veltur m.a. á því hvernig slíkt ákvæði yrði orðað. Í þessu sambandi mætti hafa grein 110b í norsku stjórnarskránni sem fyrirmynnd að ákveðnu marki. En betur má ef duga skal, því grein 110b er á ákveðinn hátt barn síns tíma. Til dæmis má nefna að tengingin við eina af helstu meginreglum umhverfisréttarins – hér á ég við varúðarreglu – er óljós, ef nokkur í norska ákvæðinu, þótt því sé reyndar haldið fram í Noregi að reglan eigi sér stoð í umræddri grein 110b.

En aftur að spurningunni. Gera má ráð fyrir því að sambærilegt ákvæði og er að finna í grein 110b í norsku stjórnarskránni tryggði vandaðri og yfirvegaðri ákvarðanatöku þegar ljóst er að ákvarðanirnar muni hafa í för með sér umtalsverð og óafturkræf áhrif á umhverfi og náttúruauðlindir og kallaði m.a. á betri rökstuðning af hálfu löggjafans og annarra sem taka slíkar ákvarðanir. Að minnsta kosti yrðu sjónarmið sem lúta að vernd umhverfis og náttúruauðlinda, svo og réttur almennings til ákveðinna gæða umhverfis og náttúruauðlinda, jafnreðthá sjónarmiðum sem varða atvinnufrelsi og vernd eignarréttinda.

Í öðru lagi er ekki óhugsandi að í einhverjum tilvikum yrði mögulegt fyrir almenningu, félög sem hafa umhverfisvernd að markmiði sínu, og í ákveðnum tilvikum opinberar stofnanir sem vinna að aukinni umhverfis- og náttúruvernd, að byggja kröfur sem lúta að aukinni umhverfisvernd, beint á slíku ákvæði, þ.e.a.s. ef mögulegt væri að fylgja slíkum kröfum eftir, t.d. í dómsmáli.

Í þriðja lagi má gera ráð fyrir því að tilvist ákvæðis í stjórnarskrá gerði það að verkum að umhverfi og náttúruauðlindir, þessi óbætanlegu gæði, nytu meiri og almennari viðurkenningar þótt ekki sé mögulegt að meta gæðin til fjár eftir almennum mælikvarða.

Loks má nefna að Ísland yrði í hópi framsæknustu ríkja heims í þeirri viðleitni að tryggja umhverfisvernd og sjálfbærri þróun lagalega stöðu, þ.e. réttur almennings yrði tryggður eins og ég vék að, svo og ef tilteknum umhverfisgæðum og náttúruauðlindum yrðu veitt stjórnarskrárvernd án tengsla við einstaklingsbundna hagsmuni.

6. Lokaorð

Ég hef nú vakið athygli á nokkrum atriðum sem varða þetta mikilvæga mál. Stjórnarskrárvernd fyrrgreindra réttinda þarf að undirbúa vel. Meðal annars vegna þeirra breytinga sem hafa orðið í umhverfisrétti á undanförnum áratug, og með hliðsjón af því að nú þegar liggja fyrir margar nýjar og nýlegar rannsóknir í umhverfisrétti, t.d. á Norðurlöndum, nægir ekki að dusta rykið af gömlum frumvörpum sem áður hafa verið lögð fram á Alþingi til þess að koma þeirri hugsun til skila sem nauðsynleg er, þ.e.a.s. ef ákveðið verður að bæta við ákvæði í íslensku stjórnarskrána sem verndar sérstaklega umhverfi og náttúruauðlindir og réttindi almennings til ákveðinna gæða umhverfis og náttúruauðlinda.